

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um hjónin Rósmund Jóhannsson
og Jónínu G. Sigurðardóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður um Rósmund Jóhannsson og Jónínu G. Sigurðardóttur og er stofnaður til minningar um hjónin Rósmund Jóhannsson, sem fæddur var þann 18. nóvember 1883 og lést hinn 11. febrúar 1971 og Jónínu G. Sigurðardóttur, sem fædd var þann 7. júlí 1884 og lést hinn 4. ágúst 1963, og búsett voru að Gilsstöðum, Hólmavíkurbhreppi.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að hlyna að gamla túninu og heimagrafreitnum að Gilsstöðum, Hólmavíkurbhreppi, og gamla íbúðarhúsinu.

3. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt erfðaskrá Jóhanns Rósmundssonar, sonar þeirra hjóna, sem fæddur var þann 10. maí 1912 og lést hinn 20. maí 2003.

4. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er á Hólmavík.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er 17.652.393 krónur – sautján milljónir sexhundrað fimmtíu og tvö þúsund þrjúhundrað níutíu og þrjár krónur.

Heimilt er að skerða höfuðstól sjóðsins til viðhalds á íbúðarhúsinu á Gilsstöðum, en þó ekki meira en svo að höfuðstóllinn skal ávallt vera a.m.k. 650.000 – sexhundrað og fimmtíu-þúsund krónur á hverjum tíma.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa sýslumaður Strandasýslu á hverjum tíma, sóknarpresturinn á Hólmavík á hverjum tíma og Hjörtur Þór Þórsson, kt. 291246-4439, Geirmundarstöðum, Hólmavíkurbhreppi.

Meirihluti stjórnar sjóðsins skal skipa nýjan stjórnarmann, láti einhver stjórnarmanna af störfum.

7. gr.

Sjóðurinn er í vörslu sjóðstjórnar sem ber ábyrgð á honum og skal velja bestu ávöxtunarleiðir fyrir fjármuni sjóðsins hverju sinni.

8. gr.

Sjóðurinn mun starfa ótímabundið frá stofndegi sem er 1. maí 2006.

Fundir skulu haldnir í sjóðnum tvisvar á ári.

9. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á framkvæmd allri og fjárreiðum. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga sjóðsins skal endurskoða af löggiltum endurskoðanda og leggja fram

á aðalfundi sjóðsins. Endurskoðaða reikninga sjóðsins ásamt skýrslu stjórnar skal senda til Ríkisendurskoðunar eigi síðar en 1. júní ár hvert.

10. gr.

Sjóðurinn verður ekki lagður niður eða skipulagsskrá hans breytt nema með samþykki sjóðsstjórnar og að fenginni heimild dómsmálaráðherra eftir umsögn Ríkisendurskoðunar. Verði sjóðurinn lagður niður skal eignum hans varið í samræmi við upphaflegt markmið hans.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. maí 2006.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.